

<b>Dags eftirlits</b>	17.5.2022	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Háafell ehf	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Hnífsdalsbryggju, Hnífsdal	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5201993149	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gauti Geirsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Kristján G. Jóakimsson	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávík komu fram við eftirlitið en ein ábending var sett fram er varðar undirskrift stjórnar á Grænt bókhald ársins 2021.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða fiskeldisstöð Háafells ehf., Ísafjarðardjúpi. Fiskeldisstöðin hefur gilt starfsleyfi fyrir eldi á laxfiskum í sjókvíum á fjórum svæðum í Ísafjarðardjúpi. Hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 6.800 tonn og óheimilt er að vera með frjóan lax á sjókvíaelðissvæðum merktum B og C. Fundað var á skrifstofu félagsins í Hnífsdal þann 17. maí sl. og farið út að kvíum undir Bæjarhlíð og í Skötufirði þann 18. maí. Enginn fiskur var í kvíum í Álfafirði og fyrirhugað er að það svæði verði einungis notað sem varasvæði héðan í frá og engar áætlanir um útsetningu á því svæði.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og nýtt starfsleyfi sem gefið var út 2021
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Umfang, starfssvæði og breytingar á rekstri
- Áætlanir og trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
- Mengunarvarnir
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar
- Vöktunarmælingar
- Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar - kynning
- Stjórnvaldssektir - kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Tvö frávík komu fram í síðasta eftirliti, er varða skil á ársyfirliti og útstreymisbókhaldi, brugðist var við af hálfu rekstraraðila og frávíkunum hefur verið lokað. Þrjár ábendingar voru gerðar er varða gildistöku starfsleyfis, uppfærslu áætlana sem og umgengni á athafnasvæði á landi.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Breyting á tíðni eftirlits er gerð á milli ára, farið er úr eftirlitsflokk A sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn einu sinni á ári eða oftar, niður í eftirlitsflokk C sem gerir ráð fyrir vettvangsheimsókn annað hvert ár.

Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti. Minnt var á hvíldartíma milli kynslóða skv. gr. 3.2 í starfsleyfi en hvíla skal í a.m.k. 90 daga á milli eldislota og tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verða sett út í kvíar með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar getur stofnunin frestað útsetningu seiða þar til viðunandi ástandi hefur verið komið á. Lífmassaaukningin í stöðinni var um 418 tonn árið 2021 og því langt innan marka starfsleyfis.

Allur dauðfiskur er daglega háfaður upp úr dauðfiskaháfi, yfir í þjónustubát og sendur til fóðurgerðar í Klofning ehf. Árið 2021 var magn dauðfisks um 26 tonn. Ekki er mikið um önnur úrgangsefni ef fóðuropokar og annað sem til fellur fer í sorphirðu sveitarfélagsins. Fóðurgeymsla er í Súðavík og ekki hefur verið vart við ágang meindyra á svæðinu í tengslum við fóðrið. Fuglanet eru yfir kvíum og einstaka fugl sem festir sig þar.

Ekki eru notuð nein hættuleg efni umfram hreinsiefni, olíur og svæfingarlyf. Lyfin eru geymd á skrifstofu í Súðavík. Hreinsiefni eru um borð í bátum sem og keyrsluóla.

Rekstraraðili sendir eftirlitsaðila uppfært tryggingaskýrteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda um leið og það liggur fyrir. Rætt var um að eigi tryggingin að gilda fyrir báðar stöðvar rekstraraðila þá þarf staðsetning þeirra beggja að koma fram á skírteininu sem og að fram komi, að verði tjón á einni stöð þá rýri það ekki gildi tryggingarinnar á hinn stöðinni þó svo að um sé að ræða tjón innan sama váttryggingartímabils.

Smíðum á kvíum lauk síðastliðinn vetur en þær voru smíðaðar af verktaka, innandyra í gamla Slippnum á Suðurtanga.

Ársyfirlit, Græt bókhald og útstreymisbókhald var sent eftirlitsaðila þann 28. apríl sl. Gerð var athugasemd við að undirskrift stjórnar vantaði á Græna bókhaldið og sendir rekstraraðili leiðréttingu á því. Rekstraraðili hefur sent inn til eftirlitsaðila, uppfærða gæðahandbók þar sem áætlanir og verkferlar hafa verið uppfærðir. Skráningar eru í FishTalk og er verið að þjálfa starfsmenn upp í því kerfi og eru skráningar aðgengilegar í gegnum app í sínum starfsmanna.

Losun fosfórs var reiknuð út frá fóðurnotkun og skv. því var losun um 5,26 kg/tonn og innan ákvæða gr. 3.4 í starfsleyfi sem er 10 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Grunnathugun var gerð árið 2021 við Bæjarhlíð samkvæmt ISO 12878 staðlinum. Niðurstöður athugunarinnar var að botninn sé lítilsháttar raskaður þrátt fyrir að fiskeldi hafi ekki áður verið stundað á þessu svæði. Einnig voru gerðar mælingar á nítrati og fosfati í sjósýnum við fiskeldi í Álftafirði árið 2021.

Siglt var út að kvíum undir Bæjarhlíð og fylgst með fóðrun. Sjálfvirkur blásari er á fóðurgjöfinni frá þjónustubátunum og því ekki lengur handfóðrað. Myndavél sem nemur fóðurtöku er látin síga niður í miðja kví. Sjálfvirk tilkynning kemur upp á tölvuskjá þegar fóðurtakan minnkar og þá er fóðurgjöf stöðvuð. Einnig var siglt út að kvíum í Skötufirði og hafði seiðaútsetning þar klárast deginum áður. Stofnuninni var tilkynnt um útsetningu þeirra seiða þann 12. apríl sl. og gerir eftirlitsaðili engar athugasemdir þar um. Nýr fóðurprammi hefur verið keyptur og er áætlað að hann verði kominn í notkun um mitt sumar. Staðsetning eldiskvía er innan svæða leyfis.

## ÁBENDINGAR

Sett var fram ábending um að undirskrift stjórnar vantar á Græna bókhald rekstraraðila ársins 2021. Rekstraraðili sendir leiðréttingu þar um.

## ANNAÐ

Farið var yfir sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar og rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Óli Rafn Kristinsson frá Háafelli og Freyr Ævarsson UST voru einnig viðstaddir eftirlitið.

Reykjavík, 16.06.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Arnadóttir